

Uppsögn á búseturétti Íbúð _____

Ég hef rifjað upp/kynnt mér reglur félagsins um skil og frágang á íbúðinni við flutning. Mér er ljóst að ég er ábyrg(ur) fyrir greiðslu á kostnaði vegna nauðsynlegra lagfæringa á íbúðinni. Að auki greiði ég sölukostnað, skv. gjaldskrá félagsins.

Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, frá og með 1. næsta mánaðar eftir dagsetningu uppsagnar og ber búseturéttarhafi/seljandi ábyrgð á greiðslu búsetugjaldsins á uppsagnartímanum og allt að 2 vikum eftir að félagið hefur tekið við íbúð (- og mögulega umfram uppsagnarfrestinn ef nýr félagsmaður hefur ekki tekið við íbúð þá). Félagið auglýsir búseturéttinn með skemmri afhendingarfresti ef óskað er - þó aldrei skemmri en 3 mánuði. (**Ath!** Skemmdir af völdum íbúa kunna að kalla á frekari greiðsluábyrgð.)

Eftir að búseturéttinum (íbúðinni) hefur verið úthlutað til annars félagsmanns er ekki hægt að draga uppsögnina til baka.

Íbúðin óskast afhent (háð því að kaupandi fáist til að taka við íbúð innan 6 mánaða):

Innan 2ja mánaða _____

Innan 4ra mánaða _____

Innan 6 mánaða _____

Eða afhendingardagur _____

Undirrituð/-ritaður segir sig úr Húsnæðissamvinnufélaginu Búfesti hsf (já/nei): _____

Með undirritun uppsagnar er búsetusamningur á viðkomandi íbúð til aflýsingar.

Eftir að búseturéttur íbúðar hefur verið seldur er endanleg rýmingardagsetning ákveðin í nánara samráði Búfesti hsf. við seljandann ef frávik eru gerð varðandi auglýstan afhendingartíma.

Dagssetning

Undirskrift búseturéttshafa

kennitala

Mótttekið af Búfesti hsf.

Dagsetning móttöku

Til áréttingar fyrir búseturéttshafa:

Íbúðin verður auglýst á heimasíðu félagsins og svo fljótt sem við verður komið eftir að uppsögnin hefur verið móttokin verður hún auglýst í dreifimiðli. Umsóknnum skal skila innan auglýsts frests.

Skoðunardagar umsækjenda verða ákveðnir í samráði þeirra við núverandi íbúa.

Íbúðinni er síðan úthlutað til þess félagsmanns sem hefur lægsta félagsnúmerið og uppfyllir reglur félagsins eða skilmála um ráðstöfun íbúðarinnar.

Þegar seljandi búseturéttar hefur tæmt íbúðina og þrifið er mælst til þess að umsjónarmaður/trúnaðarmaður félagsins sé kallaður til að skoða ástand og skil íbúðarinnar og gera athugasemdir ef þörf er til að leggja mat á eitthvað sérstaklega. Seljandi á alltaf rétt á að kalla eftir formlegri úttekt á íbúðinni með atbeina þriðja aðila skv. nánari reglum félagsins og skal greiða fyrir slíka úttekt eftir reglum og gjaldskrá félagsins.

Endurgreiðsla á búseturétti fer fram 4 – 6 vikum eftir að nýr félagsmaður hefur tekið við íbúðinni, en í síðasta lagi 12 mánuðum eftir uppsögn. Forsenda fyrir uppgjör við sölu búseturéttar er ávallt að kostnaður vegna viðgerða sem seljandi er ábyrgur fyrir sé að fullu kominn fram – svo og að greiðslustaða seljanda við félagið hafi verið jöfnuð.